

**NIHIL OBSTAT**

### Áður útgefið:

*Að vera annar* (2000) – smásaga, eigin útgáfa

*Engilbörn* (2000) – smásaga, eigin útgáfa

*Strákur sem hlustar og stelpa sem sefur* (2000) – smásaga, eigin útgáfa

*Heilagt stríð – runnið undan rifjum drykkjumanna* (2001) – ljóðabók,  
eigin útgáfa

*Ljóð ungra skálda* (2001) – safnljóðabók, Mál og menning

*Heimsendapestir* (2002) – ljóðabók, Nýhil

*We are not about to have a war* (2003) – ljóðakver á ensku, Nýhil

*Ýlfur* (2003) – hljómorðalestur úr ljóði Allens Ginsberg, Ýlfur, ásamt  
Gímaldini.

Eiríkur Örn Norðdahl

# NIHIL OBSTAT

Nýhil

Reykjavík 2003

*Nihil Obstat er tileinkuð Mása*

*Nihil obstat*

© Eiríkur Örn Norðdahl 2003

kolbrunarskald@hotmail.com

Umbrot: Viðar Þorsteinsson  
Hönnun kápu: Halldór Arnar Úlfarsson  
Fjölritun: Letur

Útgefandi: Nýhil

# Hvísla (regla)

Hvísla stattu þig að sólinni og blikka hana við gerum þetta saman ég og þú skilurðu það verða hvorki krókódílatár né hippar í framtíðinni blátt áfram ef þú bara bindur trúss þitt við farartæki fremur en grjót og rekur moldinni rembingsskoss alltaf þegar þú skransar föst á nýjum stað

Regla – regla – regla – regla – regla – (ekki) – regla – regla – (ekki) – regla – regle – (ekki) – (ekke) – egla – – begla – stegla – stagla – (ekki) – babbla – bulla – regla – ekki – bulla – Eiríkur – það – regla – nennir – enginn – (ekki) – að – regla – hlusta – (stagla) – á – regla – bull –

Dreg djúpt að mér andann, lít yfir lendar mínar úr þessari hæð fyllist ég stolti gæfi glaður hest fyrir konungdæmið eða fingurbjörg af lindarvatni fengi ég undan því komist að lesa þetta ljóð byrja aftur af meiri áfergju – Látið alveg vera að lýsa yfir dálæti á hégóma og þrjáli (það er ekkert í heiminum fallegra en göltur í síðkjól!)

Rauður – (gulur-5) – rauður – rauða – (eggi) – blómi – (blár-2) – rauður – (blómi) – rauða – (í ekki) – eggi – rauður – blauður – rauður – blauður – rauður – (gulur-5) – blauður – (í eggi) – rauður – sauður – rauður – blauður – (blár-5) – dauður.

Svarbláar varir og gráguggnir brosandir himnar og hvítfyssandi öldubrot og allar þessar ástríður og allt þetta blóð en hér vaxa engin helvítis blómstur svo haltu þeim bara fyrir sjálfan þig rómantíski hommi<sup>1</sup> (ég vil ekki láta þvinga mig til að taka þátt í

---

<sup>1</sup> Að homnum ólöstuðum auðvitað (ég ætlaði hvorki beinlínis að láta eins og hommi væri niðyrði, né heldur að biðjast afsökunar á að nota það sem slíkt. Ég hefði getað sagt stelpa eða kelling en það kæmi í sama stað niður ég á við alla þá sem þefa af blómum ganga í dýrum fötum og flissa í koddaslag)

einhverju helvítis kjaftæði ég vil lifa í moldinni en ekki blómunum)

Einn – (reglandi) – tveir – (reglandi) – þrír – (reglandi) – fjórir – (staglandi) – fimm – (hér) – sex – (skortir) – sjö – (alvarlega) – átta – (einhvern) – níu – (vel) – tíu – (höndlanlegan) – ellefu – (reglanda) – tólf – (hvers) – þrettán – (konar) – fjórtan – (eiginlega) – fimmtán – (upptalning) – sextán – (endar) – sautján – (á) – átján...

Og loks hvísla ég stattu þig að sólinni og faðma hana þetta er ekki að gera sig þú skilur ég vil hvorki krókódílatár né hippa í framtíðinni minni (ég er strax farinn að sakna þessa orðs) blátt áfram ef þú bara bindur trúss þitt við annað farartæki er ég viss um að það verður betra sjáðu til sjáðu bara til alveg er ég viss um að þú átt eftir að hafa það frábært.

# Ástir og ananas

Ástir og ananas og leðurjakkar og litlir gítarar og litlir strákar sem eiga að taka við fyrirtækjum feðra sinna þegar feðra sinna verða gamlir og bíta hendurnar sem éta börnin sín og skyldmenni barna sinna ræki þau ekki skyldur sínar og taki ofan virðingu sína við rotnaðar kynslóðir réttitunarreglubræðra (Rím sagði einhver, og höfuðstafur, Rím-bó var franskur bissness maður sem skeit eitt sinn á koddan og er frægur fyrir vikið nefndur skáld)

Elvis Presley með lítinn gítar lítill strákur í stórrí bío mynd og vill ekki taka við fyrirtæki föður síns því hann hefur allt önnur plön sem ég man ekki hver eru en þetta gerðist allt á Blue Hawaii og kærastan hans var reið við hann fyrir að kyssa flugfreyju og hann er betra skáld en við allir fyrir munnsvipinn og augnaráðið og fyrir röddina alger *greppur* og fékk sjálfsagt meira að ríða en allir Íslendingar til samans þó hann yrði feitur og brostinn fyrir aldur fram og íslenskar konur þykja kannski lauslátar en engin þeirra var nokkru sinni kennd við Elvis því þrátt fyrir lauslætið þá er ekki nema rétt svo mikið til af íslenskum konum að þær nái að flæða út yfir landsteinana til Færeyja en ekki til Ameríku því hún er svo langt í burtu

Eia orti svo skáldið og þóttist töff því eia er ekki orð heldur einhver vitleysa og svo dó hann löngu seinna og skáldin sem á eftir honum komu eyddu áratugum í að yrkja sig út úr þessu eina eia sem var svo kannski bara ekkert merkilegt til að byrja með.

Þetta var ekki Rím-bó heldur *Laxness*, sem samkvæmt orðabókinni minni er enska og þýðir linka.

# Augnablik

Mér er sagt það séu fleiri konur í heiminum en karlar.

Dömunum fer, í öllu falli, snarfækkandi.

Að ég sjúgi hillingar segirðu? Veröldin er mergjuð og ég er hér til að sjúga hillingar!

Þetta átti aldrei að fara svona! Hugsmíðar djöfulsins eru ekki til!

# Að frelsa heiminn

Að frelsa heiminn er eins og að standa uppi á stól  
í stóru veitingahúsi og kalla út í salinn:  
Er einhver hér inni í kórónafötum?  
Og öllum er ljóst, að þessi maður er galinn.

# Það er ekki að fara að hefjast neitt stríð

Þetta hér er verkefni fyrir gáfaðri mann.

Maður minn! Pólitíkin!

Ég hef loks afráðið að segja eitthvað sem skiptir máli.

En fyrst verð ég að hætta að góna á afgreiðslustúlkur.

Það verður ekkert vont í þessu ljóði.

Það verður ekkert vont í þessu ljóði.

(maður á aldrei að endurtaka sjálfan sig,  
nema maður hafi einhverju við að bæta)

Það vont ekkert ljóði í verður þessu.

Sá sem á síðasta orðið, hefur alltaf rétt fyrir sér.

George W. Bush er frankenstein-luðra (leyfum pólitíkinni að  
fljóta með).

Ég er enginn helvítis einfrumungur.

Ég er ekkert lamb!

Ég hef sál!

*The real American taste...*

Oder

*Ísland ögrum skorið*

Es ist mir ein Wurst!

Ég ber á brjóstum slorið

úr tíu þúsund frystihúsum og hverju einasta útfluttu  
þorskígildistonni

en hverjum er ekki sama um mat?

Pegar maður á *Menningu!* (he he he)

Pegar maður á *starspangled*-lopahúfu og vel útilátinn gamlan og  
góðan golþorsk!

*The best blend that can be made...*

Stanz! Eitt augnablik, *bitte schön*.

Ég er hættur að góna á afgangslustúlkur.

Ég *er* hættur að góna á afgangslustúlkur.

Ég *er* hættur að endurtaka sjálfan mig.

Best að vinna sér í að segja það sem skiptir máli, í kosmísku  
sambengi allra hluta. Hér verður einungis snert á fullkomnum  
alhæfingum.

Í venjulegum hljómi eru sömu nóturnar iðulega endurtekna, í öðrum áttundum.

Það er ekki að fara að hefjast stríð.

Hafi allir hljómar verið spilaðir, fýsir menn eins og mig að lýsa frati í hljóma, og spila í þeirra stað línulega uppráðar kombinasjónir nótna. En svo er það alltsaman vitlaust hugsað hjá okkur. Hljómarnir sem birtast oftast, gera það vegna þess að tónlistinni er eðlilegt að besta sig.

*I saw the best minds of my...*

Ég er koverljóðaskáld. Skrifa ljóð eftir aðra. Það er ekki vegna þess ég sé lélegt skáld, því fer fjarri. Það er vegna þess að ég er ekki besta skáldið, og bestu ljóðin hafa þegar verið ort (nú má vel vera að betri ljóð verði einhverntímann skrifuð, en ég skrifa þau þá bara líka).

Það er ekki að fara að hefjast neitt stríð.

Ég er enginn helvítis einfrumungur.

*The real American taste?*

Ég er með typpi þakka þér kærlega fyrir þarna hórán þín!  
Ó hver hlustar á eintal sálar? Hversu hátt bergmálar ekki í nafla mannsins? Hversu langt er í að naflinn svari fyrir sig, allri þessari óáran sem ég dæli í og úr honum? Segi hingað og ekki lengra vinur, þetta gengur engan veginn, ég er ekki hér til að veita þér fróun! Ég er hér til að safna ló, og til einskis annars. Hættu þessu og láttu mig í friði.

Bíðið, ég missti mig aftur í afgreiðslustúlkurnar. Það var í alvörunni ekki viljandi.

Nafli mannsins hefur talað.

Jæja. Þú ert nú staddur/stödd á mínum forsendum. Hér gilda ekki beinlínis reglur en þér er best að gera eins og ég segi.

Á morgun fæ ég mér kannski í tána og skýt mig í fótinn.

Örstutt um annað sem máli skiptir:

Ég held einlægnin geti aldrei risið upp gegn kaldhæðninni. Ég held hinsvegar að kaldhæðnin geti risið upp gegn kaldhæðninni, og orðið sér báðum að falli. Svona eins og ef ég myndi segja: „Nú? Aldeilis *þú* ert *kaldhæðinn!*”

Akkúrat! Var ekki einhver að tala um að hafa sál? Hann vill kannski aðeins passa sig á að fullyrða ekki um hluti sem hann kannski bara veit voða lítið um, ha? Fúkyrða um hluti. Akkúrat!

Bölvaður þessi kaldhæðni djöfull.

Nútíma-bíbopp er samansett af fyrirfram ákveðnum líkkum. Þess vegna er það ekki frjórara en t.d. ljóðagerð. Bara stagl. Þó næturgalarnir þagni annað veifið, byrja þeir undantekningarlaust aftur síðar. Ekkert hverfur. Ég veit að ég er ekki einn um að finnast skrítið að kristni og Dresden séu enn til staðar, þó borgin hafi verið jöfnuð við jörðu, og hvárir tveggja sonurinn og faðirinn steindrepnir og hæddir. Enn eru til menn sem eru viljugir til að yrkja sonnettur.

Jæja. Tökum þankpásu. Sjáum hvort nokkuð af þessu gengur upp. *Í mér búa mergðir...* Ég er aldrei í mótsögn við sjálfan mig, ekki beinlínis. Ég er einungis fær um að segja eitt í einu.

Ég skal viðurkenna að það getur verið að hún sé drusla, en hún er í það minnsta sæt og nennir að tala við mig. Auk þess viðurkenndi hún fyrir mér að hún væri drusla. En þú ert nú barasta líka drusla, svo þú skalt kannski bara aðeins passa þig svolítið og líta í kringum þig til að sjá hvort ekki hrynja yfir þig glerveggir þegar þú talar. Ég meina þetta ekkert illa, ég meina þetta rosalega vel, en bara passaðu þig aðeins, ha? Annars verð ég bara fókkins brjáláður. Skilurðu hvað ég er að fara?

Það er ekki að fara að hefjast neitt stríð.

Hvernig fer maður eiginlega að því að bera upp tillögu við vini sína, hvort hann (ég) (þeir) ættu/i að hópnauðga einhverjum? Hvernig ýjar maður að slíku? Með þessum orðum er ég ekki að segja að mig fýsi að hópnauðga neinum, en það er ekki laust við að hugmyndin komi upp annað veifið.

Einhverstaðar lofaði ég að yrkja bara um pólitík.

Örstutt um pólitík:

Ég hef rétt í þessu frétt að bandarísk yfirvöld gerir efnavopnatilraunir á lifandi fólki.

Ég læt ykkur um að álykta hvort umrætt lifandi fólk eru arabískir hryðjuverkamenn á Guantanamo, eða sárfátækir ólöglegir innflytjendur, eða svona líka rosalega þjóðernissinnaðir Amerikanar. Það út af fyrir sig skiptir ekki höfuðmáli.

Örstutt.

Blár heiður himinn (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Höfug næturþögn (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Skattalækkanir (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Þjóðhátíðardagar ýmissa landa (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Sandkassasigti (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Blár heiður himinn (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Sólarupprás séð í eyðimörk (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Logn og spegilslétt malbikið í snjólausri vetrarstillu (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Kosningakaffi og kökuát og gáfulegar samræður um allt sem máli skiptir (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Rússar með mikla peninga káfa á brjóstum og læra að haga sér (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Brosið til forsætisráðherra, hann á svolítið bágð (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Konur brenna brjóstahöld sín og þurfa þess vegna fáeinum árum seinna að fá sér ígræðslu til að halda geirvörtunum uppi (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Svo er alltaf vorið (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Það má lifa af við furðulegustu aðstæður, og ef maður heldur vel á spöðunum má jafnvel græða á þeim (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Í fullkomnum heimi neyðist enginn til að hugsa um pólitík, í framtíðinni verða fulltrúar okkar á þingi kosnir til mörghundrað ára í senn (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Að lemja mann af öllu afli í hausinn er ekki bara kjánalegt, það er líka íþrótt (það er ekki að fara að hefjast stríð)

Hafnfirðingur gekk inn á bar ...

(það er ekki)

[hóst!]

Nákvæmlega!

BLÓÐTAUMAR STRÍÐBLÓMA BERJANDI BOMBUSLÁTTUR TRAPÍSUR OG BYSSUSTINGIR OG LÍTTU EKKI UNÐAN ÞEGAR ÉG ER AÐ DEYJA VIÐ ÞIG – LÁTTU EKKI EINS OG ÉG SÉ MÓÐIR ÞÍN MÓÐURMÓÐIR ÞÍN – ÞÚ SKALT GERA EINS OG ÉG SEGI ÞÉR OG SNÝTA ÞÉR Í TÓMAR ERMAR FYRIR FÓSTURJÖRÐINA MÓÐURJÖRÐINA MÓÐURMÓÐURJÖRÐINA VIÐ ERUM UNDIR ÞAÐ BÚIN AÐ STANDA OKKUR/OKKAR PLIGT MEÐ ÖLLUM TILTÆKUM RÁÐUM! BRÁÐUM! ÆTLAR HJARTAÐ ÚT ÚR MÉR OG

ÉG Á EKKI VIÐ LÍKAMANN HELDUR FIKTA ÉG  
VIÐ ANDANN OG VONA BARA AÐ ÞAÐ KOMI  
ALDREI AFTUR DAGRENNING SVO EKKI  
KOMIST UPP HVAR Í NÓTTINA ÞÚ STAKKST  
TYPPINU Á ÞÉR – LÁTIÐ EKKI SVONA ÞAÐ ER  
EKKI AÐ FARA AÐ HEFJAST STRÍÐ SJÁIÐ BARA  
HVERNIG ALLT DEYR GRÍPIÐ TIL VOPNA EKKI  
VERA BARNALEGIR ÞETTA STRÍÐ ER EKKI AÐ  
FARA AÐ GERAST GRÍPIÐ TIL VOPNA ÞETTA  
STRÍÐ ER FYRIR ÞÁ SEM GRÍPA TIL VOPNA  
ÞETTA STRÍÐ ER FYRIR ÞJÓÐVERJA SEM GRÍPA  
TIL VOPNA FRAKKAR ÞETTA STRÍÐ ER FYRIR  
SPÁNVERJA SEM GRÍPA TIL VOPNA ÞETTA  
STRÍÐ ER FYRIR GYÐINGA SEM GRÍPA TIL  
VOPNA SÍGAUNAR GRÍPIÐ TIL VOPNA EKKI  
VERA BARNALEGIR ARABAR ÞETTA STRÍÐ ER  
EKKI AÐ GERAST GRÍPIÐ TIL VOPNA FÆREY-  
INGAR OG ÍSLENDINGAR OG LICHTENSTEIN-  
AR OG EISTAR OG LETTAR OG LITÁAR OG  
FINNAR OG DANIR OG NORÐMENN OG SVAL-  
BÖRÐUNGAR OG GLEYMUM EKKI SUÐUR-  
AMERÍKÖNUM OG FIDEL MÁ VERA MEÐ  
(loksins erum við sammála um eitthvað) ÞAÐ VERÐUR  
EKKERT BLÓÐ HELDUR EITRAÐASTA SAM-  
SÆTI ÁRÞÚSUNDANNA Í TRYLLTUSTU  
GLJÚFRUM LANDSINS ÚTVARPIÐ VERÐUR Á  
STAÐNUM TÍU DANSGÓLF ÞVÍ ÞETTA STRÍÐ  
ER ALLS EKKI AÐ GERAST OG TUTTUGU  
PLÖTUSNÚÐAR ÞVÍ ÞETTA STRÍÐ ER ALLS  
EKKI OG ÖRSTUTT OG WELTSCHMERZ OG  
ÖRSTUTT OG FLUTT VERÐUR ÖRSTUTT  
TAUGAVEIKLAÐ ÞJÓÐERNISGAMANMÁL OG

BORNAR FRAM ÖRSTUTT FRÍAR VEITINGAR  
SEM ENGINN FRAMLEIDDI EN RÍKISSTJÓRNIN  
BLÆÐIR SAMT Í TILFNI DAGSINS OG HVAÐ  
GET ÉG SAGT ANNAÐ ÖRSTUTT EN BARA  
TÖKUM SAMAN HÖNDUM ÞVÍ SAMEINUÐ  
STÖNDUM VIÐ OG SUNDRUÐ ÞIÐ VITIÐ  
HVAÐ...

(mér er sagt að með aðstoð ljóss og skugga, megi láta líta svo út sem hlutir hverfi hreinlega af yfirborði jarðar, bara sisona eins og smellt hafi verið fingrum. ég veit ekki hversu mikið er að markað þetta, en hitt er þó víst, að ekki er laust við að mér finnist eitthvað vanta).

# Pólítísk hringhenda fyrir talentlausan hægrimann

Áá, ekki aftur!

að byrja aftur?

hinum megin á brúnni

að taka veginn úr brúnni

grandandi hugsunum!

í bálið með hugsunum!

búinn og uppurinn í hugsunum!

þú nærð aldrei að snúa út úr þessum hugsunum!

# Berlínarmúr úr Krossi Krists

Það er til marks um yfirburði  
kaþólskunnar yfir lúterskunni  
að kaþólskunni leyfist að brjóta  
íslenskar stafsetningarreglur  
eða hrökkva ekki málnasistar við  
þegar ég skrifa lúperska?

Á grammófóninum  
skoppar nálin.

Jökul ber við himin  
líkt og í íslensku kvæði.

Brageyrað endasleppt  
stafur brotinn og brotið eyra  
og brotið úr Berlínarmúrnum  
sem fjölskylduvinur  
færði foreldrum mínum  
í kjölfar „fallsins“.

Samkvæmt áræðanlegum heimildum  
– ég hef það fyrir satt –  
hefur kaþólska kirkjan selt nógu margar  
nógu stórar flisar úr Krossi Krists til að,  
ef kaþólikkarnir tækju allir saman höndum,  
mætti byggja nýjan Berlínarmúr  
einu og hálfu sinni til tunglsins  
og tvisvar utanum Pentagon  
upp tröppurnar á Akureyrarkirkju  
inn dyrnar og hálfu leiðina  
að altarinu.

# Winona Ryder

Sjá! Hér eru orð!

Best að fjölyrða um þau

06.11.2002

Frú Ryder hvíslaði einhverju að lögmanni sínum, Mark Geragos, sem fékk sér vatnssopa og leit í átt að aðdáendum leikkonunnar.

Ekki segja sýndu! Sýndu! Mér! Hvað! Þú! Gerir! Mataðu mig á lýsingarorðum lyddan þín: feitur heitur! æ streitur! fleiri og fleiri hreyfingar fara snara bara heitur þangað snýr mér bíddu bíddu. nú við bíddu. númi bíttu. snar.....

Hvar er eiginlega þetta ljóð sem allir eru að tala um?

*Despite its large build, the dodo had small, weak wings which could not lift it into the air. Thus it was easy prey to the Portuguese invaders who would club the bird to death as it approached them seeking friendship.*

Veðurfræðingur nokkur hélt því fram, að staðist kenningin, myndi eitt vængjatak mávs duga til að breyta spáðu veðri um alla eilífð.

Við skulum byggja okkar land með lögum, bögum í brögum og fjölmörgum lögum, land með lögum í heimahögum og halda svo burt hið snarasta barasta burt úr snælduvitlausu lögregluofríki snú'okkar byssum að skyssum og glæpum og knæpum með strípum á veggjunum, langt burt frá geggjunum, skreyttir skeggjunum skiptum út ofríki og anarkí velferð er meðferð við geðveikri útferð á lærunum hærnum vitleystir uppleystir útlýstir

og liður í þessu er því miður að detta niður á lægsta plan fyrir hvert það man sem þanið getur taugarnar biddu fyrir þér brjótt'ekki að baki þér brýrnar því kýrnar þurfa að komast heim

ÍSLAND FAGRA ÍSLAND ÁSTKÆR FÓSTURJÖRÐ  
HVERN EINASTA DAG ÉG YRKI Í ÞINN BRAG EN  
LÁTTU MIG VERA Í DAG.

*A chaotic washing machine? This is just what the Goldstar Co. created back in 1993. It was the world's first consumer product to exploit "chaos theory", which holds that there are identifiable and predictable movements in nonlinear systems. This washing machine is supposed to produce cleaner and less tangled clothes.*

Kæri herra Lögreglumaður-með-æluna-í-kokinu

Við undirritaðir höfum allir yfir einhverju að kvarta. Efst á lista er þó velþóknun þín á kvenpeningi þessarar vorrar *glorious* fósturjarðar, auk misbrúknar á fjármagnsvaldi í þágu tataralýðs og aumingja. Þú skilur að við myndum helst vilja að þetta færi ekki lengra, heldur yrði bara á milli okkar.

Værukærast

Karlpeningurinn

Kómódó-drekar eru einstaklega þefnæmir. Þeir geta þefað uppi rotnandi hræ úr margra kílómetra fjarlægð. Dæmi eru um að þeir grafi sig niður í kirkjugarða og éti nýdautt fólk. Þeir geta innbyrgt kíló af kjöti á einni mínútu, og geta étíð allt að 80% af eigin

líkamsþyngd í einni máltíð. Það eru 200 kíló fyrir 250 kílóa Kómódó-dreka, þrír menn á 200 mínútum, fjórir ef holdið er farið að rýrast af hræjum þeirra.

ÍSLAND FAGRA... uhummm. Látum ekki lagið ganga af ljóðinu dauðu!

Dódó-fuglar voru aukinheldur alls ekkert feitir. Vilji þeirra til að treysta fremur en vantreysta hefur næstum alltaf verið mistekinn fyrir heimsku.

Fyrir 6 þúsund árum bjó náskyldur ættingi Kómódó-drekans í Ástralíu. Hann lifði á loðfilum. Það er svona álíka rosalegt og að ég myndi lifa á vatnabuffölum. Ég lifi annars á ölmusu, ekki að það komi neinum við.

Grætur greppur  
gnístir ristum  
tanna á millum  
taktinn leistur  
Stoltur ljóði  
strýkur kviðinn  
Óðins gróður  
æptur sunginn  
gott er greppi' að  
gjalda degi  
náðarhögg  
með næturgagni.

Ég hef enga trú á liljum eða beitolöndum þessi búnaðarbáلكur er sjálfshjálparbók fyrir styrkþega og miðborgarbúddismi:

Kastið ekki sígarettustubbum í kyrra olúpolla.

Takk fyrir.



# Brottrekstrarhagfræði og bannfæring í kjölfarið

Það opnaðist fyrir gufuna og út streymdi...

(sá ekki einhver hérna skaupið, hvað var það, 89?)

„Bob Dylan og Ingmar Bergman sátu saman í gufubaði í Tælandi þegar Dylan spurði: „Hvar er eiginlega Hrafn Gunnlaugs?“ Þá hafði Hrafn nýlokið við bíómynd og var úti að borða með Silvio Berlusconi, og vissi ekki að sín væri vænst annars staðar. Hrafn hikstaði líttillega, og spurði: „Silvio, hvar er eiginlega Davíð?“

Davíð var að reka mann.

Ég var að reka mann!!! Ég var að reka mann!!! Og nú getur hann ekki brauðfætt fjölskyldu sína!!! (Þetta er sósíal-realískt ljóð, til þess gert að fá þig til að hata allan skartgripalýð, og ég skal fyrstur manna viðurkenna að mér er alls ekki treystandi fyrir jafn merkilegum boðskap og byltingum).“

Það er ekki ofmetin tilfinning að lifa á hnjánum. Það lifa allir á hnjánum.

# Drottinn

Dottinn (og bátar) og hafið bláa ha? á efsta degi (á efsta degi?) segir gaurinn í sjónvarpinu og mér dettur í hug hvort línulegur tími sé dreginn upp frekar en niður eða bara eitthvað annað kannski eins og reipi sem er lagt niður í hnykil þar til bátar koma aftur í höfn og landfesta er þörf að nýju?

Ég hef unnið í skipasmíðastöð og þegar vel liggur á mér drekk ég stelpur undir borðið, ég er stór gaur og hef einu sinni lent í slagsmálum sem voru sjálfum mér að kenna og ég ætla ekki að biðjast fyrirgefningar eða láta eins og það sé eitthvað hallærislegt að slást. Stelpur sem ég get drukkið undir borðið eiga ekkert með að krefjast þess af mér að ég skammist mín fyrir að slást.

# Á míníatúra safninu

Alíslenskar dömur mínar og alíslenskir herrar, komið alhjartanlega alvelkomin á þetta okkar Alíslendinga alfyrsta alíslenska allsherjarsafn smækkaðra alíslenskra hluta. Njótið þeirra alíslensku forréttinda að sjá allt hálendið á einni glasamottu! Sjáið Hallgrímskirkju á stærð við meðalstóra litlutá presturinn trúlaus og organistinn laglaus! Björk í fingurbjörg þvísennæst raddlaus með Sjón sér við hlið sem allt í einu – þvert á spádóma okkar færustu bókmenntafræðinga – er farinn að yrkja módernískar smáhækur! Halldór Laxness í aðeins tveimur orðum (í boði windows word summarize(r))! Eyjalagið í ár er varla sekúnda á lengd með brúm og viðlögum og heilnótuhækkun í lokin bærir varla grunntóninn nema um eitt hertz eða hálfu nanónótu (sem heyrir ekki nema maður troði nanórörum í eyrun á sér – og það gerir enginn heilvita maður án læknishjálpar) þið takið aldrei eftir því. Rannsóknarstofur ÍE úr sykurfroðu eins og rúður í gömlum hollívúdd vestrum 5 cm hátt sætabrauðshús það er ekki lítið úr því gerandi því innan dyra geymist sjúkrasaga allra alíslenskra alíslendinga al- og dulkóðuð í strengjum á tilhlýðilega skorna planckfestu og vei! því grey! íslenska þjóðin hefur ekki skrifað uppá nema skitinn fimmkall –

Loks er það stolt safnsins: alíslenskastur alíslendinga sjálfur Davíð Oddsson teiknaður á hrísgrjón með krullurnar í hárinu varla stærri en atóm hvert og eitt á þeytispani í gráhærum og svo sár og aumur í litlu augunum sínum að ég fyllist næstum því vorkunn gagnvart manni sem eitt sinn var glaður og gerði að gamni sínu...

# Hættir að dansa

Ég hef markað algert stefnuleysi í mínum málum en það breytir engu þegar ekki fiskast og útlagarnir eru alltaf betur vopnum búinir ríða frá mér feitari hrossum og ég þvertæk fyrir að taka þátt í leikjum en spila samt alltaf inn á að fólk kunni vel við mig og í þau fáu skipti sem ég hef sigur líður mér lúalega og vildi að ég væri betri maðurinn það hefur enginn (og ég fullyrði þetta hiklaust) komið vel út úr samskiptum við mig og það er ekki vegna þess ég reyni ekki

Að því gefnu að öldurnar breytist í vín skal ég aldrei hætta að dansa tsjú tsjú yfir sléttuna eins og Wyatt Earp (og í brælu skal ég vera skíthæll læðast aftanað þér og skjóta þig í bakið af jafn miklu færi og rifillinn leyfir Pinkerton með kúluhatt í síðum frakka og Marlowe á vörunum og svona mynd af þér í vasanum dauðri eða lifandi með eða án en það verða engir prestar og þetta eru bara trúarbrögð að takast á þau eiga þetta til í það minnsta hlæðu ekki þar sem sandöldurnar bíða skipbrot á baki þér ég skal aldrei hætta að dansa ef þú borgar drykkina)

(Að veröldin sé ekki miðjæðri um efnistöð og persónusköpun er undarlegra en orðum tekur að nefna þetta er ekki heimspeki ekki rembast brjálsáldrandi rusl við erum nefnilega öll bölvað helvítis brjálsáldrandi rusl...).

Þetta með að þú viljir ekki sofa hjá mér hlýtur að vera kjaftæði ég hef aldrei verið mikill nytjahyggjumaður og aldrei haft jafn mikið fyrir konu svo ef ég hefði einhver bein í nefinu þá hefði ég hrint þér á dýnuna mína þegar ég sá þig fyrst hnakkriðið þér grátandi og gleymt þér daginn eftir en af öllum ginknæpum í öllum heiminum þurftirðu endilega að stíga fæti inná mína en á meðan þú blæðir dansa ég (meðan öldurnar breytast í vín).

# Sólsetur

Þetta er ekki brothætt það er talsvert langt síðan þetta lét undan talsvert langt síðan það gaf sig öðru en sjálfu sér engrar undankomu auðið í þetta skiptið tímgastu hér er kominn dagur dagur-til-að-deyja-dagur sólsetrið stígur á fætur og teygir vinstri höndina í tunglið grípur í hnakkadrambið og æpir móðursýkislega ég-nenni-ekki-lengur-þessu-helvítis-kjaftæði-tussan-þín!!! og tunglið felmtri slegið veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið og í skyndilegum kipp kemur flóð svo botna fiskiskipa ber við bryggjustólpa og landgangarnir ná ekki lengur niður á plankana það-er-eitthvað-að-gerast-hér-sem-við-kunnum-ekki-endanleg-skil-á hvíslar bátsmaður í talstöð viljið-þið-vinsamlegast-vekja-Gunnar-það-er-ástand-uppi-á-dekki svo sleppir sólsetrið skyndilega takinu tekur tvö skref aftur og stígur á svart-hvítan fótbolta sem einhver smástrákur hafði skilið eftir þegar mamma hans

Það er ekki brothætt þetta er talsvert langt síðan það lét undan talsvert langt síðan þetta gaf sig öðru en sjálfri sér engrar undankomu auðið í þennan daginn með opna-alla-glugga-hurðir-lofttúður-hristi-púða-og-lítundir-teppin-og-vona-að-lyktin-verði-horfin-þegar-Ríkisstjórnin-kemur-heim-vona-bara-að-Davíð-taki-ekki-eftir-því-að-einhver-óábyrgur-partígestur-sem-sjálfsagt-reyktilinni-og-fór-ekki-úr-skónum-virðist-hafa-stolið-barómetinu-hans- -það-skiptir-ekki-öllumáli-(Davíð-á-önnur-barómet,-barómetaður-í-bak-og-fyrir)- -en-sjálfsagt-erfiða-ég-að-ástæðulausu,-ég-hef-ekkert-til-efni-til-að-ætla-að-Davíð-komi-hingað-hann-á-sjálfsagt-heima-annarstaðar-núna-komplexinn og vona innilega að mér takist að drepast á skikkanlegum tíma eins og það heitir þó maður deyi ekki beinlínis þá vaknar maður stundum meira og minna látinn eins og maður hafi misst barn fyrir lest og standi með sinn

kallaði á hann í kvöldmat,  
rennur á bossann og niður alla  
vetrarbrautina hægt en örugg-  
lega öskrandi þeessuu-er-  
eekki-loookiiiið-við-mættuu-  
umst-aaftuur-þóóóó-síííðaaa  
aaaar-veeerðiii.....

helming þess í hvorri hendi og  
veldi því fyrir sér í forundran  
hvernig maður eigi eiginlega að  
fara að því að klambra helvítinu  
saman áður en Davíð kemur  
heim, því við mætumst aftur þó  
síðar verði...

# Augnablik

Tígrar eru töff  
það segja það allir  
siðferðilegur skilningur  
er ekki bjór.  
Bjór er töff,  
það segja það allir.

# Í leikhúsi (drög að frumvarpi)

Tjaldið lyftist (maður kveikir á útvarpi) (bók fellur úr hillu á bókasafni) (áhorfendur tryllast stutta stund, en þagna svo skyndilega eins og höndum hafi verið fórnað).

*Ljósþærðar kynþokkagyðjur (eins og úr fiftís bíómynd) í ljósrauðum tálkjólum þetta eru ekki mellur heldur gleðikonur í svörtum sokkaböndum hlējandi hver að annarri en samræminu (og samkvæminu) óhjávæmilega og algerlega óvænt raskað af miðaldra manni í gráum jakkafötum með .38 kalibera fant milli fingrana.*

*„Haldið fyrir eyrun dömur, nú verða læti!“ Það er óskiljanlegt, en skyndilega skellir maðurinn upp úr og slær á hné sér.*

*Stúlkurnar gapa og hiksta og skelfast en eru of furðu lostnar til að skjálfa. Ekkert af þessu var í handritinu.*

*„Dömur, ég er ekki að grínast. Haldið fyrir eyrun og gerið það strax!“*

*Ein af annarri fylla þeir eyru sín fingrum svo neglurnar (dömur eru alltaf með dulitlar neglur) gera far í hljóðhimnuna án þess að skemma hana verulega.*

*Þegar engin þeirra heyrir lengur til, miðar maðurinn vandlega á svarta leðurtána, skýtur sig í fótinn og haltrar bálvandi út.*

Tjaldið fellur. Útvarpið dettur á gólfíð. Bókin brennur. Áhorfendur missa sig gjörsamlega í fanatískt brjálæði, ganga fylktu liði niður í miðbæ og henda stjórnarráðinu stein fyrir stein í tjörnina.

# Bergmál

Kraftbirtingarhjóm puðdómsins þegar maður léttir á sér plopps (bergmál) í málmsteypugímaldið plopps (bergmál) í hrærivélina plopps (bergmál) eins og tabúlabrundur sem skriður aftur upp í typpið á mér þegar ég vil sofna og sé ekki til – kynlíf í teoríu með brennivín í rafrásunum en það vill engin/n ríða lengur og mér finnst ljótt að láta ríða mér næstum eins ljótt og að eiga og elska – einvígi ég mana þig að mæta mér í einvígi typpið á mér gegn tussunni á þér þegar sól stendur hæst á lofti þú átt ekki séns érasegjaðérða!

Mikið rosalega væri rassgatið nú ósmekklegt án rasskinna og jafnvel enn frekar ef barmar hringvöðvans færu einn daginn að gefa sig eins og píkan á sumum stelpum sem við skulum bara tala sem minnst um, ha?

Ha?

Mér er ekki illa við neinn, ekki í alvörunni, ég er bara svolítið pirraður skilurðu, ætlaði ekki að særa neinn.

Þegar sól stendur hæst á lofti.

Bergmál í andlitið á þér.

# Virgni

Þegar ég velti fyrir mér virgni minni í veröldinni man ég alltaf fyrst eftir sögunni um appelsínuna sem datt upp úr matvörupokanum mínum efst á Skólavörðustígnum og ég hafði elt alla leið niður að Fröken Reykjavík þegar ég áttaði mig á að ég myndi aldrei borða ávöxt sem hefur oltið niður eða yfir fleiri en þrjár umferðargötur svo þegar ég hafði gengið alla leiðina aftur uppeftir þá var búið að stela öllum matnum mínum og þegar ég hugsa um þessa sögu þá man ég alltaf eftir annarri úr biblíunni um þarna gaurinn sem týndi einum gaurnum sínum og þegar hann var búinn að finna gaurinn og var að koma með hann aftur til hinna gauranna sinna þá voru hinir gaurarnir búnir að giftast einhverjum gaurum og eignast sína eigin gaura eða kannski voru það fjaðrir í sögunni ég man það ekki alveg en þetta merkir eitthvað svipað og þá skiptir ekki öllu máli að rétt sé farið með staðreyndir.

# Nýhil Obstat

Í dag er 441sti dagur stríðsins.

Ég vil að grenitrén lifi mig.

*Spreading love through the Middle East... one megaton at a time*

Með brennivín í rafrásunum í dag, gamlan skorpín brund í hausnum.

Og veit betur en að ráðast á morgunsárið.

Maður: Homo Contempus Modern  
veraldarvanur Homo  
með brund í rafrásunum  
en hrekkur sjálfsagt í kút  
þegar hann eignast skyndilega barn í stofu  
sundurlimað barn heima í stofu  
svo plasmískt fyssandi blóðið  
frussast yfir Kjarval  
Alvar Aalto  
og Gladiator í heimabíóinu.

Allur homo fyrirlítur alla homo. Alltaf.

Atóm skólplagna Heilagrar Vegas – leiksvið og söngvarar,  
illskeyttar snoppur og frístundameyjar, falir strengjalausir sítarar í  
blómstrandi hjartsláttarloftköstum og landsmennskir  
íslandsmennskir skemmdarvargar troða sér með skriðþunga  
dansandi trumbuleikara niður heilablaðsskurðina inn hvirfil  
útlendings.

Hið hneykslanlega er ekki lengur hneykslanlegt. Vopnin hafa verið slegin úr höndum mér og hananú. Skáld getur ekki lengur sýnt lesendum sínum, nei segi ég, *maður* getur ekki lengur sýnt *fólki* (því þetta er ekki ljóð heldur **skilaboð** og ég ekki skáld heldur **boðberi**) hvernig heimurinn er, því það er svo klént að segja ríða í rassgat og typpi og pika og brundur og allt það og allt að og það er kallað að hneyksla hneykslunarinnar vegna og því kemst ekki til skila að heimurinn er fyrst og síðast typpi og pika og brundur og ríða í rassgat.

Í áratugi reyndu menn að þurrka út vandlætingu samfélagsins á svonefndum sóðaskap í máli, en ég efast um að nokkur hafi ætlað sér að gera hugtökin að hallæristabúi, því dónaskapurinn er allt eins bannaður og hann var nokkurntímenn. Kynlíf er fallett, rassaríðingar líka, brundur er fallettur og góður á bragðið. Ég er að segja ykkur það, og ég meina það öllum orðum það kemur hneykslan ekkert við.

Ég eyddi heilum degi í leit að siðferðilegri vandlætingu. Ég fann það skemmtilegasta fyrst. Snemma morguns sló ég „I hope that you burn in hell” inn í leitarvélina, í gæsalöppum nákvæmninnar vegna og fékk upp fyrst af öllu efst á lista <http://www.nukeafghanistan.net/> og slagorðið *spreading love through the middle-east ... one megaton at a time*. Ég hlæ meðan ég fullvissa ykkur: Þessu fólki er alvara.

*Dylja þessi strákslegu stóryrði gamalkunna veikleika: hégómleika, ööryggi, ekkert töff, - getur það verið?*

*En list sem fróar sér yfir líki? Er ekki öllum andskotans sama um slíkt?*

Arafat nýrra Gashúsa – eitt núll fyrir mér – stakk norskum þumli í jörðina til að merkja staðinn þar sem hann faldi Gólanhæðir í jörðu fyrir Gyðingunum. Allar nætur situr þar vörð kona nokkur með skuplu og grætur meðan hún gæðir sér á tælenskum rökkum einum af öðrum. Á þetta minnst aldrei neinn.

Fleiru er haldið leyndu.

Fyrir fjörutíu árum síðan var t.d. grínistinn Lenny Bruce dreginn fram og til baka af ameríska réttarkerfinu fyrir ítrekaða notkun orðsins *niggari* í fjölmiðlum. Aðspurður sagðist Lenny vilja þurrka upp hatrið úr orðinu. „Ef ég fæ John F. Kennedy til að skipa tvo niggara í ráðherrastöður, og til að hrópa svo með mér *niggari* allan daginn inn og út, þegar sá fagri dagur rennur upp, munu litlu niggarastrákarnir hætta að koma grenjandi heim úr skólanum af því einhver móðurserðir kallaði þá niggara.“

Líkami saurlífisseggs er líkkista sálar.

Ef þú syndgar í Guðs nafni, gleðstu þá syndarinnar vegna, og syndgaðu gleðinnar vegna.

Skrápmiklu skáldmæltu ofurmenni! Að drepa mann fyrir listina er líkt og að ropa við morgunverðarborðið og biðjast ekki afsökunar. **AÐ FRÓA SÉR ER YFIRLÝSING UM EINMANALEIKA OG ÉG Á EKKERT ÓSAGT VIÐ SJÁLFA MÍG.** „Ó! Ert þetta þú? Ég ætlaði aldrei að þekkja þig með allan þennan brund í andlitinu.“

Þetta er ekki „óupplýst karlremba“ né „vanvirðing við konur.“ og þaðan af síður „hneykslun hneykslunarinnar vegna“. Á Íslandi

flettu menn sig klæðum homo contempus modern til að fárast yfir orðinu „sjött“ í íslenskri orðabók Eddu.

Kannski er þetta svefngalsi, eða ég að missa vitið. Með brennivín í rafrásunum þann 441sta í stríði ótalandi og óferjandi homo sem vill spreða út ást sinni *one megaton at a time* og var í rétt í þessu að uppgötva, og skilja hvað aðrir hafa átt við með svipuðum yfirlýsingum, að honum þykir í raun og veru vænt um fólk.

# SNAR (fyrsti og eini hluti)

Gyðjur og Guðir

KYNÞROSKA/ÆSKU/ÁSTAR/HRÖRNUNAR/UPPGJAFAR  
og árar GÓÐTEMPLARA...

Ath.

Í máli og goðsögulegum barrokkmálverkum (eftir það og sánu er ekkert eftir af meistaraverkunum nema orðsporið) var reynt að lýsa eilíflegum fegurðar- og siðferðisgildum (það þarf ekki bókabrennur til að útrýma góðum og gildum hugsunum – þó þær geti hjálpað – það þarf ekki nema gott spúnk) þessum: Löguleiki kvenna; hugrekki stríðsmanna; sjófær skip; hraðskreiðir hestar; sátt vitringsins frammi fyrir eigin dauða; úrræðasemi vitleysingsins – – það er umfram allt fallegra að deyja í mótbyr en meðbyr eins og kennt er í barnaskólum (en á hinn bóginn voru þessi sannindi víst alls staðar virt að vettugi, fram að þeim tíma að barnaskólar tóku að starfa) [ég er ekki geðklofi, athugaðu það, ég er hornklofi og hef aldrei verið hræddur við neitt].

Ath.

# Leiðin til ánauðar er vörðuð öllum andskotanum

„Leiðin til ánauðar er vörðuð öllum andskotanum.“

– Haukur Már Helgason, *Aðilafræðin*

Það blandast mér ekki illa grandmóðir það er orðið og orðið mér eitt og hið sama eina og ég er eitt og sundurskilið undan út í skipulagi tengsla við aðra banala rangala sem brosa sér við ókunnuga eitt er hið sama hvernig er það eiginlega er aldrei verið að byggja neitt á þessum samræðum annað en loft og kastala og markleysur þungaðar heilum heimum nýrra merkinga þegar brosir sér?

# Ekki þessi orð

## *Prologus*

Og hann sté inn...

og hann leit til beggja hliða

haugur af dagblöðum á aðra hönd og opin dolla af gamalli kotasælu á borðinu hann stakk annarri hendinni í vasann og dró fram – lokað í lófa – uppstrílað dómadagsljóð sparifatakvæði fyrir brennandi kirkjur óð til blæðandi klassahóru (hún var á síðasta snúningi og átti skilið nokkur falleg orð til að deyja frá brauðstritinu – átti skilið falleg orð eins og aðrir sem kikna ekki á vaktinni) opnar lófann svo efsti dagur sprettur af stað skiptilykill og ást og kebab og rútan-fer-alltaf-á-leiðarenda og flögrandi dansandi horna á milli yfir kotasælu og dagblaðahrúgum stíga á tær hvort öðru takast á flug og detta svo einhverntímamann standi þau á fætur orðin að föstum lykli og sameiginlegri ábyrgð brauði og hlaðbaknum-til-að-koma-krökkunum-í-skólann ljóðið varla nema kviðlingurinn af sjálfu sér lokað aftur í lófa í vasa sem klappar því varlega breiðir yfir það pappírssnifsí og syngur því þjóðsönginn fyrir háttinn.

I

Heimurinn er allur með öðrum orðum. Ég segi ekki að hann sé fallettri – að sólin setjist hægar eða menn drepi hvorn annan síður að ástæðulausu en ég er allur eitthvað frískari með öðrum orðum dansandi m.ö.o. í átökum tek á takandi á og kann vel við að finna undir fingrum mér nýtt hold og þegar þetta skvapar sér úr greipum mér kemur sólin og sest með öðrum orðum annarstaðar og við náum loks að smeygja á milli okkar þessari indælu

kaldhæðni – heimur með öðrum orðum er aldrei beinlínis stöðugur og því ókyrrist ég stundum sjálfur renn á rassinum eitthvað út í buskann-buskann og rek mig í rogastans með höfuðið kyrfilega skorðað milli allt annarra brjósta en ég er vanur kæfi mig næstum við að reigja á mér höfuðið og tóna frygðarlega „Elskan mín hórán mín brostu eða ég læt af látunum og fer.“

## II

Æ öll þessi ha?-hamingja er mér ekki eðlileg.

Þetta er bara veröld.

Hún er meira að segja vond og ljót og full af misskilningi og reglugerðum.

Freiheit og libertad eru mín en hagsýnustu menn eru sammála um að einkaaðilar séu mun betur til þess verks búnir að reka frelsið en fólk almennt – langar í Freundin þar sem kærustur duga ekki lengur.

## III

Iss bara veröld þó þeir beri hana öðruvísi fram. Iss piss.

Þroskasaga?

Það er ekkert til að tala um sem ekki er þroski.

Nema hégómi

nema rólegheiturnar og ég

í samræðu við hinn upphafna sjálfan mig

óska mér holds og óska því svo jafn harðan burt.

Ástarljóð?

Ja... nei. Proskasaga.

Í gegnum kóngana þrjá, granna feita og litríka Búdda  
í hold saman á blístrinu í heimsendapúlsandi apókalypsó í  
myrkrinu og þögninni á klúbbunum þegar ég get ekki talað við  
fólk.

Hyglum við dýrinu? Er það þá ekki bara ágætt. Svona fyrst það er  
mennskt.

#### IV

Niðri á jörðinni  
í laut sem rennur undan snjó  
í maí komandi  
talar sólin til mín án málalenginga  
breimar og hvíslar:

„Ef þú brosir ekki linni ég látum og fer. Brostu hórán mín.“

Kom óboðin óforvarendis í einskis boði og setur fram kröfur af  
öllum tegundum en þverneitar að vera meðfærileg sjálf: „Þú getur  
ekki átt mig!“ eins og einhver vitlaus menntaskólastelpa í  
tilvistarkreppu. Auðvitað get ég átt þig! En ég svara: „Hérna...  
sól... uhhh... sól... uhh... hérna.... skín á mig?“ sposkur og vona að  
hún kunni að meta íslenskan kraftaskáldskap og fyrirgefi mér loks  
og að lokum.

## V

Gírugt barn að rífa heiminn úr höndum þér?

–Krass!

Og heimurinn (finnst þér) skælast og skekkjast að öðrum orðum?

–Krass! Krass!

Honum vindur upp og niður hringiður af kringlfimi skoppandi flögrandi krass! Það stenst ekki að heimurinn sé skopparakringla skopparakringlur þurfa undirstöður og jafnvægismiðju krass krass!

Barnið leikur sér að hjala krass við umhverfið öskra og skíta til skiptis særa fram krass óróa yfir rimlarúminu og slefa yfir rúmteppið og hlær svo krass að öllu saman.

Gleymdu aldrei að viljirðu kenna barninu að forðast eldinn, þarftu fyrst að brenna barnið. Byrgirðu brunninn drepumst við öll úr þorsta. Að gera heiminn barnheldan er að eyðileggja heiminn.

## VI

Eru þessi orð ort í eilífðina? Nei nei. Og fússumsvei.

Hæst bylur í tómri...!!! og það allt saman.

Það þarf einhver að snúa skortinum í birgðir setja hann á flösku drösla flöskunum á markaðinn með asnann í eftirdragi og selja hann ódýrt. Þú vilt virkilega ekki vita hvernig þessu lýkur.

## VII

Og hvaðan kemur þessi hvöt til að vera með, frekar en á móti, frekar á móti en með. Er það líka hjarðhugsun ef við syndum saman á móti straumnum?

Og kannski rofnar einbeitingin einmitt hér í þessum ós sem uppsprettan sá í hillungum og svörin sökkva á kaf í froðuna án þess að spurningarnar hafi látið sjá sig sökkva sökkva loksins brosandí hórán mín elskan mín loksins brosandí.

# Frumspeki

Sjá!

Hér eru hlutir.

Best að nefna þá nöfnum!

# Mannkynssagan frá A-B í boði AB (og Eddu – miðlunar)

Vatnsborðið lóðrétt undir mér flötum á dýnunni gegnum séð postulínið.

Einn mitt það. Athugið fortíðin:

Afi minn var kommúnisti  
afi minn var nasisti  
annar afi minn var kommúnisti  
annar afi minn var nasisti  
afi minn var kommúnisti  
annar afi minn var nasisti  
afi minn annar spilaði á trommur og keyrði annar leigubíl fór til  
111 annarra landa og fedraði foreldra mína svona rétt tæplega.

Ráðuneytinu hefur borist eftirfarandi fyrirlitning:

*Lögulegar tælandi stúlkur frá aldrinum 12 og niður í 8 sem sannanlega reynast kvenvaxnar og jafnvel þarna þið vitið milli fótanna skulu rúnnaðar upp þússaðar niður og rakaðar af værukærustu færustu sérfræðingum í sérvæðingum og lauslæðingum svo þær líkist aftur laglausu hor-englunum sem við elskudum, umferðarskiltum með höfuð eða sleikipinum, því líkt og skáldið kvað forðum daga: „með leggi stökka ó svo stinna, stúlkur eiga’ð minn’á sleikipinna“*

*Svleiðis var nú sú tíðin og við teljum okkur eiga skilið sömu fegurðir og forfeður okkar.*

*Firringarfyllst*

*Sjálfstæðisflokkurinn*

Ath.

Þegar ég var hér síðast, beygði ég mig niður að vatninu til að fá mér sopa. Í vatninu sá ég spegilmynd mína, og fylltist svo mikilli mannelsku að mér var um megn annað en að faðma sjálfan mig. Ég datt útí, dó, og fáeinum stundum síðar kom höfrungur og bar mig á haf út.

Ath.

# Ort í rússíbana á heimssýningunni í París árið 1900 undir Eiffelturninum fyrir tvo Bon-Bon súkkulaðimola og vasadiskó

Úr handraðanum riðar full til falls fullt til falls – rætist varla reddast varla, varla úr þessu – klækir innan klækja riða fullir til falls úr handraðanum rætist ekki reddast ekki.

Ástönd skána ekki og allt fer sjaldnast illa að lokum og sjálfsagt þyrftum við að ráða mann í fulla vinnu vildum við komast að því hverjir hér inni hafa riðið hverjum hér inni og hverjir hér inni hefðu riðið hverjum hér inni ef aðstæður væru réttar hér inni allt fer vel ef aðstæður eru réttar hér inni og handriðið heldur með sjálfan mig klovvega heldur alltaf með blöðkuna bökkuna blöðkuna úr lofti og bökkuna úr reyk og reykurinn mettaður blöðkunum haldið heldur að öllum sé handriðið það er alltof ósmekklegt og ekki nálægt því nærri gasalega nógu smekklegt!

Æ nú brotna botnar og botna brotnar...

Sú samvíska viska að sá vægi sem vitið hafi meira, að sá væni víki betur og það sé illa gert að takast á við fólk með fúkyrðum er tilkall til heilagleika sem ég er ekki tilbúinn að skrifa undir að svo stöddu. Stöðugustu landflekar eiga það til að taka á rás stökkva af stað í kollhnísum og ásthlaupum – allir eiga skilið að minnsta kosti einn hatramman óvin að minnsta kosti einn frábæran elskhuga – föður og móður án þess ég vilji blanda sýkóanalýsum í þennan boðskap – ég á einn hatramman óvin í handraðanum og kæri mig ekki um fleiri þó ég sé full tilbúinn að hafa ímugust á þér eða elska þig af öllu hjarta eftir efnum aðstæðum og hentugleikum – stöðugustu landflekar leka líka stundum til hægt og

þunglamalega, þunglyndir og ónýtir í alla staði, fyrr en varir hefur fjallið komið sér hæginda- þæginda- og makindalega fyrir í kjöltunni á Múhameð malandi og sleikjandi á sér loppurnar og lifandi kviksettur Múhameð sér í gegnum í fingur sér og fjöll! og fjöll! og fjöll! brosir að öllu sem hann sér og hlær og geiflar sig setur stút á munninn með Shirley Temple á vörunum í loftköstum og uppköstum og loftköstulum – í turninum er Prinsípissan Lukkuleg-af-Bauninni og í síkinu mara blautir krókódílar með alla þá í maganum sem skilið áttu að vera étnir – og loftkastalar, loftkastalar geta ekki hrunið það er í beinni andstöðu við öll þekkt náttúruleg mál – en aldrei segja aldrei, það er alger óþarfi.

Brautin er aldrei alveg svona bein enginn er svo alveg vel innrætt/innrættur að hann/hún geti ekki lifað með mistökum sínum – það væri nú alveg til að toppa dramað ef einhver fremdi nú sjálfsmorð, hugsaðu þér sjálfsmorð! Sjálfsmorðin sjálfsorðin handriðinn húmbúkk! Það væri nú til einhvers, eða hittó! Væri þá ekki meira spennandi að verða bomm, eða bofs eða ... eða hittó! ég get hvorki orðið bomm né bofs vantar í mig allt móðurlíf öll leggöng og eggjastokka – – með munnræpu í þokkabót:

*Klámskáld! klámskáld! ortu mér brjóst, já brjóst með þjósti, ortu mér sníp og snípustöppu kraðak á kraðök ofan, ortu mér holur og hella með fellingum og hella í fellingunum ortu mér svitastorkið sitt hár til að festa fingurna í léttlyndi lauslæti leiki söng og dans para-dís fyrir ábyrgðarlausu eigingjarna adult fyrir adultery fyrir fullorðnirí sjálfum mér til göfgunar! klámskáld ortu mig á hnén ortu mig á hnjánnum á fætur og upp að veggnum í eldhúsinu sturtunni úti á svölum fram af niður í garð upp að girðingunni – mjólka kýrnar með konunni sem kyndir ofninn minn konunni sem kyndir ofninn okkar allra – og það snarkar sko og brennur sko og hitnar sko og hitnar held það nú sko það hitni maður minn nakin á ffórum fótum að raða kolum upp í klofið á*

*sér andstutt og sköp undir rós ég meina tussan í blóminu og hvar skyldi stilkurinn enda...*

Davíð Kristinsson MA hefur lofað mér að innan fimm tíu ára verði veröldin öll önnur og getnaðaraðferðir allar breyttar og það verður nú tíðin! Hlýðið nú á: Eftir því sem fullnægging konunnar verður viðurkenndara valdataeki í baráttu feminísta eftir því sem þær svitna meira og taka meira á og eftir því sem reiðkonustellingin verður vinsælli og karlmenn duglegri við eldamennsku og þvotta, rétt í þá mund að pilsfaldur drengja kemst upp fyrir hnén svo feðrum hlýtur að blöskra, mun sæðið hætta að drjúpa upp leggöng á þennan alþekktu prímatamáta sem lesa má um í kennslubókum nútímans, en þess í stað skjótast egg konunnar í milljónatali út um tussuna og upp sádrásina og læsa sig föst við eistun með litlum gripörmum, og getnaður og vöxtur fósturs mun sum sé gerast í eistunum og karlmenn bera börnin milli fóta sinna í níu mánuði, Davíð hefur aukinheldur lofað mér að tvíburafæðingum muni fjölga í fyrstu, á meðan eggíð er enn að venja sig af því að vilja frjóvga sig. Þetta verður ekki auðvelt og ég þakka heillastjörnunum mínum fyrir að þá verð ég sjálfur kominn úr barneign því ég sé ekki fyrir mér að ég myndi meika að bera tvö börn í eistnapokunum í níu mánuði og hvernig eiga þau svo eiginlega að komast út. Ég næ engum tengslum við þessa hugsun.

Að lokum vil ég, af mannúðarástæðum, stinga upp á því að konur fari strax að æfa sig í að kippa

# Augnablik

Stranda  
í baði sem  
drekkur  
við feyskið  
atlantshaf  
í löðurbaði  
með bolla  
milli fingrana  
og sveittar  
kjúklingaloppur,  
tikka masala  
eins og  
öldurnar kalla það

(en ég mæli ekki með því, vinur, að þú takir mikið mark á rausinu í þeim).

# Hver má muna sitt fífl fegurra?

Í þá gömlugóðudaga að ruglukollvikin náðu mér aftur um hnakka – það eru ansi margir dagar orðnir aðrir en þá var – fréttist síðast af Meistara í Mannlegum Samskiptum makindalegum í eigin blóði sárlyndislegum á gangstéttarbrún við Austurstræti; hann var laminn greyið – það er ekki hægt að ætlast til að allir séu lífverur. Ég er t.d. rotvera – rötvera – lát-vera – ekki tilbúinn þráður í líkama mínum ekki heil í hugsun í höfði mér heldur þessi sprottin úr órækt og skipulagsleysi:

*Bananal kanónískar rottur lifa alltaf af stökkva alltaf frá borði rétt áður en skipið leggur úr höfn skriða upp undir þilsin á duggaramellum og segjast nýkomnar frá Cuxhaven og Hull með lestarfylli af kjaftæði handa landanum og „hver er það eiginlega heldurðu sem dregur allan gjaldeyrinn frá útlöndum?“ spyrja þær stoltar og lygnar og kokbraustar og mellurnar rugga sér svo í lendunum renna upp þilsfaldinum og skella gulnuðu vaselíni milli mattra barma sér rétt eins og rotturnar myndu hantera fisk ef þær hefðu hugrekki til – lífið er lítið grín á veltingi og stórstormandi útsjó þegar þú vaknar í lausu lofti með meter niður í rúmið hjá þér og káetan hefur tekið á sig brot svo veggurinn er hálfur kominn ofaní efri kojuna og þú átt í mestu erfíðleikum með að opna hurðina til að dröslast á vakt. Þegar dagur hefst ruggar dugga í slefinu á koddanum þínum.*

*Í duggunni er ég.*

Mér hefur verið sagt að Ísland sé klettur í Atlantshafi og íbúar þess þurfi að halda sér fast til að fjúka ekki út í sjó. Þetta er ekki satt. Ísland er þorskur, og Íslendingar svif í maga hans.

Í hug dettur mér annar, barnabarnalegur, hugsandi:

*Steinn bítur börn á sjómannadegi; börnunum verður hverft við og berja Stein til ólífis með naglaspýtu.*

Tálknfræði: Maður tálknar afl og afl tálknar framleiðni og framleiðni tálknar pening og peningur tálknar mat og matur tálknar mann og maður tálknar afl og þannig áfram þangað til skorpan er orðin gullinbrún og allt helst til dauft.

# Augnablik

Almáttugur! Byrjaðu aftur. Þetta er ekki að gera sig.  
Á akri mínum vaxa engin blómstur. Enga vitleysu.

Takk fyrir.

# OPERATION ENDURING FREEDOM

Hafandi lesið yfir mig af William S. Burroughs byrjaði ég að fá óstjórnlega löngun til að klippa upp ljóðin mín fleygja orðunum uppí loftið láta rigna yfir þau blótsyrðum taka þvínæst einhver eiturlyf sem bera undarleg amerísk fræðiheiti og yrkja upp úr haugnum á gólfinu. En það gengur ekki að gera eins. Bannað að herma. Eða svona, semí-bannað að herma. Bannað að al-herma.

Ég valdi ljóð úr Heimsendapestum (síðasta ljóðabókin mín) sem heitir Blótað. Svo hljómar ljóðið í sinni upprunalegu mynd:

## Blótað

(Niður árinna, tvö aðskilin ólík hljóð; löng grönn grenitrén teygð upp um jörðina að norskum lillabláum himni barnslegum eins og hjalið upp úr landsmönnum)

Í gærkvöldi stóð Pan í kofanum hjá mér og hlýjaði sér við eldinn af vörum kabyssunnar – ég stökk í nið árinna því ég var drukkin og leiður á stöðnuðu blóðinu í æðum mér – og nú er Pan stunginn af, situr sjálfsagt í felum milli trjáanna með flautuna lafandi milli lappana og bíður þess að nóttin slái takt í trén svo stríða megi mér að nýju.

Verði dans! verði söngur! verði drykkur! Hér er bokka! – verði bokka! – það er bokka, segi ég og veit ekki betur en mér sé gott þar sem ég klóra mér í hvirfilinn kroppa í hamfarir flautuleikarans; Dans, söngur, og hér er mey sem ætlar að leyfa mér að leggja sig ef ég drep mig við brjóst hennar enn eina nótt til.

Á meðan vil ég bara vera niður árinna, ég vil bara teygja mig upp um jörðina og brenna í kabyssunni, láta blása mér útum

flautuna, og ég vil bara lifa að sjá morgunsárið! Lifa af að sjá morgunsárið.

Það eina sem ég hafði að leiðarljósi var að hvað sem ég myndi gera við ljóðið yrði það að vera nonsensical, eða gjörsamlega skyni skroppið. Vit-laust svo að segja. Þetta er hugmyndin hans Burroughs, að slíta verkið svo gjörsamlega úr samhengi við meðvitundina að ekki geti setið eftir annað en hreinasta snilldarstykki. Enda meðvitundin af hinu illa og bla bla.

Ég byrjaði á að renna ljóðinu í gegnum enskan stafsetningar-fítus á windows word, sem kallast autocorrect. Autocorrect lagar stafsetningu enskra texta, sjálfvirkt. En þar sem ljóðið er (augljóslega) á íslensku, varð útkoman ekkert sérlega heilleg:

### Blótað (autocorrect rímix)

(Incur arena, to assailing olio halo; long groin granite taiga up um jerkin a dorsum lillabláum hymn barnslegum eons go hail up urn landsmönnum)

Í gærkvöldi stop Pan I oakum hajj mar go hlýjaði seer vie elfin aft vroom kabyssunnar – egg stock I nil arena vie egg vary drunken go leisure a stöðnuðu blowing I æðum mar – go no err Pan stung inn aft, sitar sjálfsagt I velum mille truant me flouting plafond mille lapping go bourn less a noting slay tact I tern so strata magi mar a ninja.

Verdi dams! Vermin singer! Vermin drinker! Her err bock! – Vermin bock! – A err bock, sage egg go vet eke bettor en mar see got far seem egg kola mar I hvirfilinn cropper I chamfrain flautuleikarans; Dams, singer, go her err may

seem tar a leafy mar a loggia sag eve egg drip mug vie  
brose henna inn Edina not.

Á mean vile egg bare Vera incur arena, egg vile bare taiga mug up  
um jerkin go brine I kabyssunni, late balsa mar atom  
flouting, go egg vile bare life a sea morgunsárið! Life aft a  
sea morgunsárið.

Augsýnilega gat ég ekki hætt við svo búið. Snilldin hafði enn ekki  
látið sjá sig, en eitthvað þótti mér þó vera að gerast, eitthvað  
merkilegt, og síðast en ekki síst, eitthvað ógurlega skemmtilegt.  
Ég hélt því áfram og renndi textanum sem ég var með í  
höndunum í gegnum forritið Globalink Power Translator, sem  
þýðir hvernig sem er á milli ensku, þýsku, ítölsku, frönsku,  
spænsku og portúgölsku. Ég valdi að þýða þennan texta á  
móðurmál Goethes, þýsku, og hljómar hann þá svo:

### **Blótað (autocorrect Globalink Power-translator-rímix)**

(Erleiden Sie Arena, zum Angreifen von olio-Heiligenschein;  
langer Leiste-Granit-taiga auf um-Jacke ein dorsum  
lillabláum Hymne barnslegum Äonen gehen Hagel Urne-  
landsmönnum hoch)

Í gærkvöldi halten Pfanne an ich Werg-hajj beschädigen, gehen  
Sie hlýjaði-Seher, wetteifern Sie koboldartiger hinten  
vroom kabyssunnar-Ei Vorrat ich null-Arena wetteifert  
Ei, variieren Sie betrunken, gehen Sie Freizeit ein  
stöðnuðu, der bläst, ich æðum beschädigen-gehen Sie kein  
irren Sie sich sich, Pfanne stach Gasthaus achtern, sitar-  
sjálfsagt ich velum-mille-Schwänzer ich das Mißachten  
von plafond mille Schlagen geht weniger bourn ein

Bemerken, erschlagen Sie Takt ich Seeschwalbe, damit Schichten-magi einen ninja beschädigen.

Verdi staut! Ungeziefer-Sänger! Ungeziefer-Trinkende! Ihr irren Sie sich sich bock! – Schädling-bock! – Ein irren Sie sich sich bock, Weise-Ei geht Tierarzt, strecken Sie, Wetter-en beschädigen, sehen Sie, bekam weit, scheinen Sie, Ei-kola beschädigen ich hvirfilinn-Bebauer ich chamfrain-flautuleikarans; Dämme, Sänger, gehen sie, irren Sie sich sich, scheint vielleicht Teer ein grün beschädigen Sie, ein loggia sackt Vorabend Ei Tropfrohr Becher ab, wetteifern Sie nicht brose-Henna-Gasthaus Edina.

Á bedeuten abscheuliches Ei, nackte Vera erleiden Arena, Ei abscheuliche nackte taiga überfallen auf um-Jacke, gehen Sie Salzwasser ich kabyssunni, späte balsa beschädigen Atom Mißachten, gehen Sie Ei abscheuliches nacktes Leben ein Meer-morgunsárið! Leben achtern ein Meer-morgunsárið.

Mér þykir erfitt, þrátt fyrir lítilsháttar þýskukunnáttu, að draga snilldardóm af þessu verki. Því þrátt fyrir að í því bergmáli fitónar á stöku stað, þá er þýskukunnáttu minni um of að skilja hvert ég, og Globallink Power Translator, erum að fara. Ég sneri því ljóðinu aftur yfir á ensku (og fékk þá dálítið breytta útgáfu af autocorrect textanum), setti ljóðið enn einu sinni í gegnum autocorrect, en nú þannig að í stað þess að velja alltaf fyrsta orðið sem tölvan stakk uppá, þá leyfði ég mér að velja fallegasta orðið af listanum. Auk þess renndi ég ljóðinu í gegnum grammar/spelling fitusinn, og fékk því lítið eitt heilsteyptari vit-leysu.

**Blótað (autocorrect-Globallink Powertranslator-word/grammar Sapiens-remix)**

(Suffers you arena, to attacking of oral Hooligan schein, long  
Lease Granite Thai gay on a Jacket a dot sum lilac bloom  
hymn barns eons rises hail Urine-land momentum)

In germ voids hold pan War-hajj at I damages, you go holy aid  
Sewer, you contend vodka abyss unarm Eat reserve more  
elfin I zero-arena behind egg contends, you vary drunk,  
you go leisure time to damage-go atom nexus, that blows,  
I stark thumb you no wanders you itself, pan stung inn  
aft, sitar-sjálfsagt I velum-mille-Schnauzer I disregarding  
of ceiling mille palpitation goes few bourn a noticing, you  
kill bar I tern, so that Chechen magic damage a ninja.

Verdi dams! Vermin-singers! Vermin-drinker! You wander  
her/it/them itself itself buck! -Schooling-bock! -Sins  
wander you itself itself buck, Weaseled goes veterinarian,  
you stretch, Weather ends damage, you see, received far,  
you seem, Eat-kolas damage hvirfilinn Beaver I charm  
frain-flautuleikarans; Dams, singers, go she/it, you are  
mistaken itself, tar seems green one maybe, you damage, a  
loggia subsides eve egg drip cups, you don't contend  
brose-Henna-Gashouses Edina.

A mean repulsive egg, bare Vegas suffer arena, egg repulsive bare  
Thai gay attacks on rum-Jacked, you go saltwater In abyss  
sunny, late balsams damage atom disregarding, you go egg  
repulsive bare life a me emerging scar! Lives a Meek  
morgue UN Arafat.

Nú hafði ég þegar vesenast á útlendum tungum í einhverjar þrjár  
klukkustundir, og var farinn að sakna ylhýrunnar. Ég dró því

fram Tölvuorðabók Eddu, og þýddi ljóðið orð fyrir orð yfir á íslensku.

## Blótað (autocorrect-Globallink Powertranslator- Spelling/Grammar Sapiens-Tölvuorðabókarþýðinga-rímix)

(Þólfir þú leiksvið árásir af munnlegum skemmdarvörgum ytra byrði löng kaupleiga Granít Tælenskur hommi ofan á jakka heimanmundur summa lilja blómstur sálmur hlöður eilífðir magnast fagnið Hlandlands skriðþunga)

Í sýklatómi heldur rakkar niður Stríð-hajj að ég-skemmdum, þú verður heilög-aðstoðar-skólplögn, þú keppist við vodkann, hlydýpi afvopnar Étur leggur til hliðar álfalegri ÉG núll-leiksviðin bakvið egg á köntunum, þú ert breytilega fullur, þú verður að frístund til að skemmi-leggja samhengi frumeinda, sem springur, ég algerlega þumall þú ekki eigrar þú það-sjálft, þan stunginn gistikrá aftur í skut, sítar-sjálfsagt ég pergament-árbúsund-snoppur Ég vanræksla loftsins árbúsund hjartsláttarkast fer fátt lækur, þú drepur krá ég þerna, svo að tsjetjenskur galdur skemmi ninjuna.

Verdi stíflur! Meindýrs-söngvarar! Meindýrs-drykkjumenn! Þú eigrar henni/því/þeim þvísjálfu þvísjálfu tarfur! – Fræðslu-tarfur! – Syndir eigna þú þvísjálfu þvísjálfu tarfur, hreysiköttaður verður dýralæknir, þú teygir úr þér, veður lýkur skemmdum, sjáðu til, viðtekið fjarri, þú virðist, Éta-kóla skemmdir hvirfilinn Bifur ég heilla veikburði-flautuleikarans; Stíflur, söngvarar, farðu hún/það, þú misskilur þaðsjálft, tjara virðist græn en kannski, þú skemmir, skýlissvalir sjatna aðfararnætur eggja leka í bolla, þú keppir ekki brose-Henna-Gashúsum Edína.

Illskeytt viðbjóðslegt egg, nakin Vegas þolir leiksvið, egg  
viðbjóðsleg nakinn tælenskur hommi ræðst á rommi –  
Upplyftur þú verður saltvatn Í hylldýpi, sein græðslismyrsl  
skemma atóm vanrækja, þú verður egg viðbjóðslegt nakið  
lif einn mér fram smýgur ör! Lifir einn mjúkur líkhúsi SP  
Arafat.

Nú var ég betur byrjaður að skilja hvernig mögnun vit-leysunnar  
virkar, sá hana á minni eigin tungu, og áttaði mig á því að sjálfsagt  
leyndist þessi séníska vit-leysa víðar en menn hafði hingað til  
grunað. Ég bar upprunalegu útkomuna saman við nýjustu  
afurðina, prentaði báðar út, og klippti sundur svo að í stað tveggja  
ljóða, var ég með skrifborð fullt af miðum með orðum. Því næst  
náði ég í hitt skrifborðið mitt inn í svefnherbergi, og notaði það til  
að raða saman orðunum upp á nýtt. Nú leyfði ég mér alls kyns  
trix, líkt og klippa sundur samsett orð, og breyta nafnorðinu ber, í  
sagnorðið berja (vegna þess að í 1.p. et. hljómar það einmitt: ber)  
eða lýsingarorðið ber (eftir því sem við átti). Síðan lagaði ég  
beygingar til að vitleysan yrði auðsýnilegri (enda kjánaskapur að  
gera fólki erfiðara fyrir en maður þarf). Ég leyfði mér loks að fíkta  
í uppsetningu ljóðsins, og út kom stykkið sem fylgir hér að neðan.  
Eins og sjá má, hef ég notað einstaka hugmyndir og lýsingar í fyrri  
hluta bókarinnar.

## Blótað – endanlegt rímix

Hlandlands skólplagna-atóm í heilagri Vegas, leiksvið og  
söngvarar – illskeyttar snoppur og frístundameyjar –  
sítarar syngjandi í blómstrandi hjartsláttarloftkóstum og  
munlegir landsmennskir skemmdarvargar smjúga með  
skriðþunga dansandi árþúsunda milli kantanna inn  
hvirfilinn

Sjá hér eru líkhúsin í kaupleigu og hommarnir heillast af  
heimanmundum – afvopnast eggjandi dýralækna og  
meindýr Sameinuðu Þjóðanna – álfalegir tarfar í summu  
mjúkra nakinna kroppa

*Að lafa er að lifa*

*Að blása er að blóta*

*Að sjatna er það-sjálft*

*það-sjálft sem drepur!*

*– (stingum þvísjálfu blótandi í granítbokku*

*stökkvum því-sjálfu á kabyssuna*

*þú-Pan ferð niður um hylldýpið*

*uppá leiksviðið)*

*Bakvið mig bíður dansinn*

*– eitt-núll fyrir mér*

Fagnið því til verður nú viðtekinn drykkur staðnað saltvatn  
veikburða og viðbjóðslegt pergament-kóla – drekktu einn  
bolla – eina bokku! – sjálfsagt verðurðu ekki ör heldur  
bara fullur niður hvirfil upp jörðina bara nakinn og  
barnslegur

Ég brenn af romm-stíflum – teyga vodka kabyssunnar, hjala að  
nöktum Pan, stríði Pan á söngnum – veit betur en að  
ráðast á morgunsárið – árásir í misskildum takti að vörum  
hennar, Lilju flautunnar

*(ég og þú erum kannski ólík en*

*við erum eins í upplyftingum og*

*við ætlum að eigna út um leiksviðið)*

-- Sýklatóm tjara --  
(eitt núll fyrir mér)

Ég slæ þig ef þú færir mér ekki eldinn ég vil éta árpúsundir/eilífðir  
í morgunsárið viðbjóðslega meindýrið þitt ég hljóða ekki  
af vanrækslu ég magnast í hamförum sprengi stíflurnar úr  
blóðinu hlýja mér á syndum flautuleikarans drep trén og  
söngvarana og hommana

Lifi úr samhengi við viðbjóðslegar frumeindir! veður! bokkur!

Arafat úr nýju Gashúsum lekur hyldýpisskemmdum um kabyssuna  
ég-skemmdum í langar aðfararnætur árinna sem liggur  
há hlöðunni upp skýlissvalir gistikráarinnar í Edína  
norskum þumli stungið niður í jörðina – ég brosi – (þolir  
þú flautuna?) Verdi flautuleikarans í felur sem Tælenskur  
aðstoðar fræðslu-lækur

Leiður í nótt því græðslismyrslin virðast skemmileggja lífið  
Ég vil að grenitrén lifi mig  
Galdra-niður breytilegra sálma bifar nóttinni, þernan situr vörð:  
étur tælenska rakka og tjetjenskan tarf

*– egg er enn egg milli drykkjumanna – sé það egg – keppir árinna  
verða egg – gærkvöldið leyfir mér fátt því hún? þú virðist  
grönn þú eigir vel þú stendur þar; teygir þig, ég sé mig  
leggja þér krá vil brjóst að ofan utar æðunum lillabláar  
langar lappir – hún má klóra mér.*

Þolir þú aftur það-sjálft?  
Ljúktu því-sjálfu! skemmdu!  
þú verður/ hún verður

Sjáðu, svo verðurðu bara sein.

Ég segi til.

[fram um tvö stríð – Hajj!!! :  
græn hreysiköttuð ninja teygir sig skemmir vanrækir aðskilur]

Þú hér?

Skemmdir þú jakkann?

Skemmdir þú kofann meðan ég lét tarfana eigna?

Ég var þeim sjálfsagt byrði

og keppi mér algerlega

ÉG!

til þess þú sért fjarri

til hliðar

svo ég sjái himininn

trén

skut árinna.

Eftirtalin fyrirtæki styrktu prentun bókarinnar:

Þyrnirós  
Sparisjóður Vestfjarða  
Hraðfrystihúsið Gunnvör  
Hamraborg  
Hótel Ísafjörður  
Forlagið